

## FUNDARGERÐ

### SKJALALYKILL

3350-003-FUN-125-V01

### DAGS. / TÍMI FUNDAR

21.10.2021 / 10:00 – 11:30

### NR. FUNDAR

125

### VERKHEITI

**125. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)**

### VERKKAUPI

START hópurinn

### FUNDAREFNI

1. Staða skráningar
2. Kostnaður vegna skorts 2021-2022.
  - a) Skýrsla kynnt
  - b) Staða spurningarkönnunar
  - c) Tillögur að breyttri skýrslu á næsta ári
3. Áætlun ársins 2022.
4. Önnur mál

### FUNDARGERÐ

IJB / 26.10.2021

### FUNDARBOÐARI

IJB

### FUNDARSTAÐUR

EFLA/Teams

### FUNDARMENN

Ragnar Stefánsson (RS)  
 Benedikt Einarsson (BE)  
 Egill Sigmundsson (ES)  
 Baldur Hólm (BH)  
 Kjartan Rolf Árnason (KRA)  
 Rán Jónsdóttir (RJ)  
 Jón Skafti Gestsson (JSG)  
 Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)  
 Haukur Ásberg Hilmarsson (HÁH)  
 Guðmundur Sigfinnsson (GS)

Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur

### FYRIRTÆKI

Landsnet  
 Veitur  
 HS-Veitur  
 Norðurorka  
 RARIK  
 Orkustofnun  
 Landsnet  
 EFLA  
 EFLA  
 EFLA

### FJARVERANDI

Ragnar Emilsson (RE)

### FYRIRTÆKI

Orkubú Vestfjarða

### DREIFING

START hópurinn

### FYRIRTÆKI

### FUNDARSKJÖL

3350-003-VEA-005-V01 Verkefnishandbók\_START\_22\_drög.doc

### NÆSTI FUNDUR

19.05.2022 / 10:00

Fundur START hópsins var að þessu sinni haldinn sem fjarfundur í Teams einnig var gefin möguleik á að mæt í fundarsal hjá EFLU.

### 1. Staða skráningar.

Farið var yfir stöðu skráningar truflanaskýrslna hjá veitunum. Er í hefðbundnu ferli hjá fyrirtækjunum. RARIK er að innleiða nýtt kerfi og eru byrjunarörðuleikar við skráningar skýrslna.

### 2. Kostnaður hjá stórnotendum.

HÁH fór yfir skýrsluna „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2021, 2022, 2023 og 2024“. Stuðst er við ný kostnaðarföll vegna stórnotenda og heimila sem byggt er á könnunum START hópsins á árinu 2020. Kostnaður vegna raforkuskerðingar á árinu 2020 er metinn um 1.928 milljónir króna og er rétt um 28% af kostnaði skerðinga árið 2019, sem sker sig nokkuð úr ef horft er til áranna 2007-2020. Fundarmenn fá skýrsluna til rýni áður en hún verður gefin út.

HÁH fór yfir stöðuna spurningarkönnun meðal fyrirtækja, sem fór af stað í síðustu viku hjá Gallup.

HÁH kynnti fyrirhugaðar breytingar á skýrslunni „Kostnaður vegna skorts“ á næsta ári. Byggt verður á nýrri reikniaðferðum og notaðar einnig upplýsingar frá könnun sem START hópurinn hefur staðið fyrir í ár og í fyrra.

Nokkur umræða var um þessi atriði. Meðal annars kom spurning hvernig þessar upplýsingar eru notaðar. HÁH nefnir að hægt sé nýta þær til að meta þörfina á styrkingu raforkukerfisins. RS nefnir að þær eru notaðar til að meta mikilvægi fjárfestinga.

### 3. Áætlun ársins 2021

IJB fór verkefnistöðu ársins og verkefnisáætlun næsta árs. Verkefnahandbók og áætlun næsta árs var samþykkt af þeim sem voru mættir. Tillaga kom um að hafa næsta fund hópsins hjá RARIK.

### 4. Önnur mál

- a) IJB ræddi um gagnaskil fyrirtækja á truflanaskýrslum. EFLA er bæði með Oracle og SQL server gagnagrunna fyrir truflanaskýrslur. Veitur nota Oracle grunn, önnur fyrirtæki nota SQL grunn eða aðra grunna en Oracle. Í einhverjum tilvikum er truflanaskráning hluti af öðrum kerfum og gagnaskil hafa verið sérsniðin eða færð yfir í excel skjöl.
- b) BH spurðist fyrir hvernig fyrirspurnir frá viðskiptavinum vegna raforkuafhendingar væru meðhöndlaðar.  
BE nefnir að Veitur svarar hverri fyrirspurn fyrir sig, sækja m.a. upplýsingar um fjölda truflana og skerðinga í truflanagrunninn.

Fundi slitið.